



Alþingi  
Nefndasvið (b.t. velferðarnefndar)  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. mars 2017  
Tilvísun: 201702-0009

### **Efni: Tillaga til þingsályktunar um starfshóp um keðjuábyrgð, mál 69**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um starfshóp um keðjuábyrgð, mál 69.

Mikil þensla á íslenskum vinnumarkaði síðustu misseri, fjölgun erlendra starfsmanna og aukin umsvif erlendra verktaka og þjónustufyrirtækja hefur varpað skýrara ljósi á ýmis vandamál tengd vinnumarkaðinum, þ.m.t. talið undirboð á vinnumarkaði, ýmis konar brotastarfsemi gagnvart starfsmönnum og tilraunir til að komast hjá því að standa skil á sköttum og öðrum greiðslum í sameiginlega sjóði samfélagsins. Verkalýðshreyfingin hefur lengi bent á þessar meinsemdir og sama gildir um yfirvöld skattamála.

Mikilvægt er að sporna gegn framangreindri brotastarfsemi með öllum tiltækum ráðum enda tapa allir á henni, nema svindlararnir:

- Útlendingar og ungt fólk sem verður fyrir alvarlegustu brotunum
- Launafólk sem fyrir er á vinnumarkaði, vegna þess að grafið er undan þeim kjörum og réttindum sem hér gilda
- Heiðarleg fyrirtæki, vegna þess að grafið er undan samkeppnisstöðu þeirra
- Samfélagið allt, vegna þess að grafið er undar mikilvægum þáttum eins og heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfinu.

Alþýðusambandið heilshugar undir þær áhyggjur og þau almennu sjónarmið sem þingsályktunartillagan byggir á.

Í þessu samhengi er rétt að geta þess að nú er að störfum starfshópur á vegum félags- og jafnréttisráðherra sem vinnur að innleiðingu tilskipunar ESB nr. 2014/67 er varðar skyldu íslenskra notendafyrirtækja vegna starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja á þeirra vegum. Í starfshópnum er unnið að tillögum um að tekin verði upp keðjuábyrgð vegna starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja. Það liggur jafnframt fyrir að keðjuábyrgðin verður takmörkuð við framangreindan hóp og mun eingöngu ná til launa og annarra starfskjara. Hér er um mikilvægt skref að ræða, verði tillögurnar að lögum á yfirstandandi þingi eins og stefnt er



að. Um leið er ljóst að þær munu aðeins ná til takmarkaðs hóps og takmarkast við afmarkaðan þátt.

Í ljósi framanritaðs styður Alþýðusambandi að skipaður verði starfshópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að fjalla um hvort og þá hvernig megi útvíkka keðjuábyrgðina og/eða finna aðrar leiðir til að ná þeim markmiðum að tryggja hér heilbrigðan vinnumarkað og vinna gegn brotastarfsemi sem þar viðgengst. Jafnframt er rétt að benda á að ýmsir þættir er varða þau úrlausnarefni varða fleiri ráðuneyti en það sem heyrir undir félags- og jafnréttisráðherra, s.s. fjármálaráðuneytið hvað varðar skattamálin og er mikilvægt að hafa það í huga við afgreiðslu málsins.

Virðingarfyllt

F.h. Alþýðusambands Íslands

Halldór Grönvold,

aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ



RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi  
Nefndasvið  
b.t. Velferðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2017

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um starfshóp um keðjuábyrgð, mál 69, þingskjal 126**

Rafiðnaðarsamband Íslands fagnar framkominni þingsályktunartillögu um skipan starfshóps með það að markmiði að lögleiða keðjuábyrgð á verktakamarkaði. Rafiðnaðarsamband Íslands hefur í fjölda ára barist fyrir því að keðjuábyrgð verði lögfest.

Sú brotastarfsemi sem viðgengst á vinnumarkaði er vel þekkt og birtist m.a. sem félagsleg undirboð og annars konar brot á starfsmönnum, tilraunir til að komast hjá því að greiða skatta og önnur sameiginleg gjöld og alvarlegri brot svo sem mansal. Rafiðnaðarsambandið telur brýnt að skoða allar leiðir til þess að sporna við slíkum brotum. Þau bitna á launafólki en einnig á heiðarlegum fyrirtækjum.

Rafiðnaðarsambandið tekur undir efnisatriði tillögunnar og leggur til að hún fái jákvæða meðferð. Þó eru gerðar athugasemdir við skipan umrædds starfshóps, en gert er ráð fyrir að hann verði skipaður fulltrúum Samiðnar, Starfsgreinasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, ríkisskattstjóra og skattransóknarstjóra, auk formanns skipuðum af ráðherra. Rafiðnaðarsambandið myndi fagna aðkomu að slíkum hóp, enda snertir málefnið félagsmenn RSÍ, líkt og félagsmenn Samiðnar og SGS. Aðkoma verkalyðshreyfingarinnar að málinu er gríðarlega mikilvæg, en óþarfi er að takmarka hana við ákveðinn hóp iðnaðarmanna og verkamanna.

Virðingarfyllst,

Dagný Aradóttir Pind hdl.  
Lögfræðingur RSÍ  
580 5287 / dagny@rafis.is

Reykjavík, 28. febrúar 2017

R2017020014/12.8.4

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Kt. 420169-3889


**Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um keðjuábyrgð - 69 mál, þskj. 126**


Ríkisskattstjóri þakkar fyrir tölvupóst sem barst 8. febrúar 2017 þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela félags- og jafnréttismálaráðherra að skipa starfshóp sem hafi það hlutverk að semja lagafrumvarp um keðjuábyrgð verkkaupa og aðalverktaka með það að markmiði að lögleiða keðjuábyrgð á verktakamarkaði. Hópurinn verði skipaður fulltrúum Samiðnar, Starfsgreinasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, ríkisskattstjóra og skattransóknarstjóra og tilnefni ráðherra formann hópsins. Starf hópsins miði að því að verkkaupar og aðalverktakar beri fjárhagslega ábyrgð á vanefndum undirverktaka á greiðslu opinberra gjalda, kjarasamningsbundinna launa og launatengdra gjalda, trygginga og annarra samningsbundinna greiðslna til launafólks og vegna þess og taki lagabreytingarnar til allra atvinnugreina.

Ríkisskattstjóri mun ekki skorast undan ábyrgð og lýsir sig reiðubúinn að taka þátt í umræddum starfshópi verði þess óskað.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Birgitta Arngrímsdóttir

**Nefndarsvið Alþingis**  
**Sigrún Helga Sigurjónsdóttir**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík 10. feb. 2017

*Umsögn Samiðnar um tillögu til þingsályktunar 146. löggjafarþing 2016–2017 þingskjal 126 - 69. mál, um skipan starfshóps um keðjuábyrgð.*

Á síðustu árum hefur farið í vöxt að fyrirtæki leiti eftir erlendum starfsmönnum og á síðustu misserum hefur borið á því að íslenskir verktakar geri samninga við erlenda verktaka og ráði þá sem undirverktaka. Þekkt dæmi eru um að undirverktakar þessir stundi félagsleg undirboð með því greiða starfsmönnum sínum laun sem eru undir launakjörum sem greidd eru íslenskum starfsmönnum fyrir sambærileg störf.

Mjög erfitt getur verið að sannreyna hver hin eiginlegu laun eru og ef upp kemst að það sé verið að greiða erlendum starfsmönnum of lág laun miðað við íslensk launakjör, getur verið mjög erfitt að ná fram leiðréttingu. Með því að taka upp keðjuábyrgð þar sem aðalverktaki ber ábyrgð á að undirverktar á hans vegum séu að greiða rétt laun eru meiri líkur á að hann fylgist betur með og grípi inn í ef ætla má að ekki sé staðið rétt að launagreiðslum.

Allt frá árinu 2011 hefur Samiðn lagt áherslu á að lögfest verði keðjuábyrgð / samábyrgð verkkaupa og verktaka. Í því sambandi hefur mest verið horft til Noregs en þar hefur verið gengið lengst og komin mest reynsla á framkvæmd keðjuábyrgðarinnar.

Samiðn mælir með að þingsályktunin verði samþykkt og leggur áherslu á að málinu verði flýtt eins og kostur er og að keðjuábyrgðin taki bæði til erlendra verkataka og þeirra íslensku.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga



Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis  
b.t. velferðarnefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 1. mars 2017

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um starfshóp um keðjuábyrgð, mál 69.**

Tillagan gerir ráð fyrir að innleidd verði í lög almenn ábyrgð verkkaupa og aðalverktaka á launum starfsmanna verktaka. Starfsmenn eigi því ekki eingöngu kröfu á sinn vinnuveitanda um efndir launa heldur geti einnig beint þeirri kröfu að þeim sem samið hefur við verktakann um framkvæmd verks.

Að mati Samtaka atvinnulífsins og Samtaka iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) getur svo víðtæk ábyrgð á launum starfsmanna verktaka verið mjög skaðleg fyrir atvinnulífið og gengur hún einnig þvert á þá meginreglu samningaréttar að kröfur innan samninga verði einungis byggðar á beinu samningssambandi. Almenn ábyrgð mun sérstaklega hamlu nýjum fyrirtækjum sem ekki hafa náð að sanna sig á markaði. Þeim yrði gert að leggja fram dýrar tryggingar sem verkkaupar gætu gengið að komi til vanefnda á launum.

Verði vanefnd á launum starfsmanna íslenskra fyrirtækja geta starfsmenn við gjaldþrot beint kröfum að Ábyrgðasjóði launa. Auk þess eru starfsmenn íslenskra fyrirtækja að öllu jöfnu félagsmenn í stéttarfélögum sem aðstoða þá við innheimtu vangoldinna launa. Það eru því að mati samtakanna engin haldbær rök fyrir íþyngjandi ábyrgð verkkaupa á launum starfsmanna íslenskra verktaka.

Svokölluð keðjuábyrgð hefur hins vegar verið til umræðu í tengslum við erlend fyrirtæki sem senda starfsmenn til Íslands á grundvelli þjónustusamninga. Í tilskipun ESB 2014/67 er sjónum sérstaklega beint að byggingariðnaði og aðildarríkjunum gert að grípa til ráðstafana til að vernda útsenda starfsmenn í þeirri atvinnugrein. Nú er að störfum starfshópur félags- og jafnréttisráðherra sem vinnur að innleiðingu þessarar tilskipunar og leggur hann nú lokahönd á tillögur til ráðherra um innleiðingu ábyrgðar á launum útsendra starfsmanna í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. Í þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar vegna 146. lögjafarþings er gert ráð fyrir að lagt verði fram frumvarp um breytingu á lögum nr. 45/2007, m.a. til að innleiða framangreinda tilskipun.

Samtökin telja því að nú þegar sé að ljúka vinnu vegna innleiðingar keðjuábyrgðar sem tekur á þeim vandamálum sem upp hafa komið undanfarin misseri. Samtökin lýsa sig andsnúin samþykkt framlagðrar tillögu til þingsályktunar sem gengur lengra en sú sátt sem nú er unnið að með aðkomu aðila vinnumarkaðarins.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Arnason, hdl.  
Forstöðumaður vinnumarkaðssviðs

F.h. Samtaka iðnaðarins

Árni Jóhannsson  
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs





SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI  
RÍKISINS

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

BK/eeg/17/0398

28. febrúar 2017

Tilvísun: 2017030002/08.01.00

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um keðjuábyrgð, þskj. 126, 69. mál.**

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist tölvupóstur frá velferðarnefnd Alþingis, 8. febrúar 2017, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um starfshóp um keðjuábyrgð, þingskjal 126, 69. mál. Af því tilefni er velferðarnefnd Alþingis látin í té svohljóðandi

**u m s ö g n:**

Tillagan felur í sér þá ályktun að fela félags- og jafnréttismálaráðherra að skipa starfshóp sem hafi það hlutverk að semja lagafrumvarp um keðjuábyrgð verkkaupa og aðalverktaka með það að markmiði að lögleiða keðjuábyrgð á verktakamarkaði. Starf hópsins skuli miða að því að verkkaupar og aðalverktakar beri fjárhagslega ábyrgð á vanefndum undirverktaka m.a. á greiðslu opinberra gjalda.

Reynsla skattrannsóknarstjóra sýnir að verktakar hafa í vaxandi mæli gert ráðstafanir til að komast hjá lögbundnum skattgreiðslum til hins opinbera með því að leitast við að koma ábyrgð á greiðslum skatta yfir á undirverktaka sína. Oft er um keðju undirverktaka að ræða þar sem ábyrgð á skattgreiðslum er færð niður með keðjunni með þeim afleiðingum að skil á skattgreiðslum verða í reynd engar eða takmarkaðar. Á tíðum tengjast þessari háttsemi annars konar brot, s.s. greiðsla svartra launa og útgáfa tilhæfulausra reikninga. Virðist margt benda til að þetta sé nú gert með skýrari ásetningi en áður hefur sést. Á tíðum er um verulega háar undandregnar fjárhæðir að ræða.

Skattrannsóknarstjóri telur þörf á að taka það til athugunar hvort ástæða sé til að taka upp reglur um keðjuábyrgð til að sporna gegn skattsvikum og öðrum brotum því tengdu. Er skattrannsóknarstjóri tilbúinn til að tilnefna fulltrúa í nefndan starfshóp verði eftir því óskað.

Virðingarfyllt

Bryndís Kristjánsdóttir  
skattrannsóknarstjóri

Velferðarnefnd Alþingis  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2017

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um keðjuábyrgð, mál 69.**

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) fagnar tillögu og umræðum um að lögbinda keðjuábyrgð, en keðjuábyrgð er eitt öflugasta vopnið í baráttunni gegn félagslegum undirboðum á vinnumarkaði. Nú þegar hafa nokkur sveitarfélög og opinberar stofnanir sett sér slíkar reglur í útboðsskilmálum og má í því sambandi telja upp Reykjavíkurborg og Landsvirkjun sem riðu á vaðið.

Síðustu ár hefur sjónum verið í auknum mæli beint að félagslegum undirboðum og jafnvel mansali á vinnumarkaði og hafa stéttarfélög sérstaklega áhyggjur af ferðaþjónustunni og byggingarframkvæmdum.

Nágrannþjóðir okkar hafa sömu áhyggjur sem kom glöggleg í ljós í ferð Starfsgreinasambandsins um Norðurlönd nýlega. Þar hafa ákvæði um keðjuábyrgð verið sett inn í kjarasamninga, útboðsskilmála sveitarfélaga og/eða opinberra stofnana eða hreinlega í lög.

Það hafa verið þríhliða viðræður í gangi á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins um keðjuábyrgð og talar þingsályktunartillagan ágætlega inni þau samskipti.

Starfsgreinasambandið leggur til að þingsályktunartillagan fái jákvæða meðferð.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri (sign)